

Útgefandalýsing

SEL I hs.



1. nóvember 2024

Umsjónaraðili með gerð lýsingar
Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf.



Efnisyfirlit

1. Áhættuþættir	4
1.1. Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi	5
1.2. Markaðsáhætta og sértæk áhætta skuldabréfanna	5
1.3. Seljanleikaáhætta	6
1.4. Sértæk áhætta útgefanda	6
1.5. Lausafjáraáhætta	7
1.6. Markaðsáhætta	7
1.7. Mótaðilaáhætta	8
1.8. Vanskilaáhætta	8
1.9. Vaxtaáhætta	9
1.10. Áhætta tengd afleiðum	9
1.11. Rekstrar- og útvistunaráhætta	10
1.12. Lagaleg og pólitísk áhætta	11
1.13. Skattaleg áhætta	12
2. Upplýsingar um útgefandann	13
2.1. Almennar upplýsingar um útgefandann	13
2.2. Hlutdeildarskírteini	13
2.3. Ráðstöfun á fjármunum útgefanda	14
2.4. Kostnaður útgefanda	14
2.5. Rekstartími, slit og samruni	15
2.6. Markmið, fjárfestingarheimildir, fjárfestingarstefna	16
2.7. Eignasafn	16
2.8. Mat á fjárfestingum	17
2.9. Lagalegt umhverfi útgefanda	17
2.10. Dómsmál og gerðardómsmál	18
2.11. Fjárhagsupplýsingar	18
3. Upplýsingar um rekstraraðilann	19
3.1. Almennar upplýsingar um rekstraraðilann	19
3.2. Tilgangur rekstraraðila	20
3.3. Starfsemi rekstraraðila	20
3.4. Vörslufyrirtæki og útvistun verkefna	21
3.5. Stjórnarhættir og stjórn rekstraraðila	21
3.6. Nánari upplýsingar	24
4. Tilkygning til fjárfesta	25

4.1.	Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu.....	26
4.2.	Upplýsingar frá þriðja aðila.....	27
4.3.	Upplýsingaskylda.....	27
4.4.	Umsjónaraðili og töku skuldabréfanna til viðskipta	28
4.5.	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	28
4.6.	Endurskoðendur	29
4.7.	Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda	30
4.8.	Skilgreiningar	31
4.9.	Skammstafanir.....	32

1. Áhættupættir

SEL I hs., kt. 660424-9970, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir „SEL I“, „útgefandi“ eða „sjóðurinn“) er hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir „lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða“). Stefnir hf. kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (hér eftir „Stefnir“ eða „rekstraraðili“) er rekstraraðili sjóðsins samkvæmt nefndum lögum.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi. Fjárfestingar sjóðsins fjármagnar hann með útgáfu skuldabréfa (hér eftir notað jöfnum höndum „skuldabréf“ eða „skuldaskjöl“) og hlutdeildarskírteina. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Hvorki rekstraraðili, vörsluaðili, né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

Markmið útgefanda er að skila góðri arðsemi og tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem hann gefur út. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við ákvæði laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, að frátöldum takmörkunum í X. kafla laganna en þar er fjalla um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og fjárfestingastefnu sjóðsins sem er takmörkuð við skuldabréf útgefin af innlendri fjármálastofnun, afleiður tengdar við hlutabréfavísitölur jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða og innlán, peningamarkaðsgerninga og skammtímasjóði til lausafjárstýringar. SEL I fjármagnar fjárfestingar sjóðsins með útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina.

Áhættupáttur er atriði sem getur haft neikvæð eða jákvæð áhrif á útgefanda, hvort sem er rekstur hans, efnahag eða framtíðarhorfur og leitt til lakari eða betri stöðu en ef áhrifanna hefði ekki gætt. Áhættupættir geta haft áhrif á getu útgefanda til að uppfylla skuldbindingar gagnvart fjárfestum sem keypt hafa verðbréf útgefin af félaginu.

Afmörkun á áhættupáttum getur verið með ýmsu móti og þá er hægt að flokka með mismunandi aðferðum. Hér er leitast við að kortleggja alla þekkta áhættupætti í starfi útgefanda og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættupáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættupættir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættupáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættupáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættupáttar verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram. Ekki er því mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættupáttar á útgefandann. Þessi kafli ásamt kafla 1 „Áhættupættir“ í verðbréfalýsingu SEL I, dagsettri sama dag og útgefandalýsing þessi, innihalda eftir bestu vitund útgefanda þá áhættupætti sem máli kunna að skipta við mat á áhættu af fjárfestingu í skuldabréfunum og áhættupætti sem tengjast útgefanda.

Áhættupættir, sem lýst er hér á eftir, eru þeir sem útgefanda er kunnugt um og sem að mati útgefanda geta haft áhrif á getu hans til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum í tengslum við skuldabréfin. Fjallað er um áhættupætti er varða fjárhagslegar áhættur, rekstraráhættu útgefanda, ytri áhættupætti og aðra sértæka áhættupætti. Þar sem fyrst eru taldir upp alvarlegustu áhættupættirnir í hverjum flokki fyrir sig að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og skuldabréfin og líkanna á að þeir raungerist. Útgefandi getur ekki metið líkur þess að tilteknir áhættupættir, sem hér er fjallað um muni hafa áhrif á

starfsemi útgefanda.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á útgefanda í framtíðinni þar sem áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir kæmu til með að hafa veruleg áhrif á útgefanda síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast miða við núverandi upplýsingar ekki til áhættu.

1.1. Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Þróun efnahagsmála á Íslandi, svo sem hagvöxtur, atvinnustig, verðbólga, kjarasamningar og staða helstu atvinnugreina hefur áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi, auk þess sem þróun efnahagsmála erlendis hefur áhrif á efnahagsástand á Íslandi. Margir þættir geta haft áhrif á almennar efnahagsaðstæður og vegna smæðar íslenska hagkerfisins getur það verið næmara fyrir breytingum og haft þau áhrif að almennar efnahagsaðstæður sveiflist meira en í öðrum hagkerfum.

Helstu eignir SEL I eru skuldabréf útgefin af Arion banka hf. sem eru vaxtaberandi bréf útgefin í bandaríkjadollar og jafnframt á sjóðurinn afleiðu sem tekur mið af erlendri hlutabréfavísitölu og uppgjör fer fram í bandaríkjadollar. Nánari upplýsingar um eignirnar er að finna í kafla 2.7 „Eignasafn“. Hluti eigna sjóðsins er fólgin í afleiðusamningi sem miðast við erlenda hlutabréfavísitölu MSCI World Index (Bloomberg auðkenni; MXWO) sem tekur mið af stórum og miðlungsstórum félögum sem skráð eru á markað í 23 þróuðum löndum. Vísitalan samanstendur af 1.429 félögum og vísitalan tekur til um það bil 85% af heildarmarkaðsvirði félaga í hverju landi, að teknu tilliti til hluta sem er í frjálsu floti.¹ Efnahagsástand, fjárhagsstaða fyrirtækja, og þróun hlutabréfamarkaða á erlendum mörkuðum er áhætta fyrir sjóðinn og þróun þessara þátta hefur áhrif á verðmæti eigna félagsins.

Þegar almennar efnahagsaðstæður versna bæði innanlands og erlendis getur það haft áhrif á verðmæti eigna og skulda félagsins, getu mótaðila til að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og í framhaldinu getu SEL I til að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart eigendum að skuldabréfunum.

1.2. Markaðsáhætta og sértæk áhætta skuldabréfanna

Markaðsáhætta skuldabréfanna felur í sér þá áhættu að virði fjármálagerninga sveiflist almennt séð á markaði. Virði skuldabréfanna getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum, en ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna.

Margvísleg atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum þ.m.t. skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir.

Virði skuldabréfanna endurspeglast af virði þeirra eigna sem útgefandi á og felur það í sér þá

¹ Vísað er til MSCI Word Index (USD) Index Factsheet <https://www.msci.com/www/fact-sheet/msci-world-index/05830501>

sértæka áhættu að ef virði eigna útgefanda rýrnar getur virði skuldabréfanna einnig rýrnað.

1.3. Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta felur í sér þá áhættu á að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið. Sú áhætta er fyrir hendi að fjárfestar geti ekki selt skuldabréfin á því verði eða í því magni sem þeir vilja.

Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á First North markaði NASDAQ Iceland er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta eða að slíkur markaður myndist í framtíðinni. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

1.4. Sértæk áhætta útgefanda

Útgefandi er hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn er eingöngu markaðssettur fagfjárfestum, eins og það hugtak er skilgreint í lögum 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða skv. 1. gr. reglna útgefanda. Í 4. gr. reglna útgefandans er að finna takmarkanir á fjárfestingarstefnu hans og hefur hann rúmar fjárfestingarheimildir til fjárfestinga í öllum fjármálagerningum sé það gert í þeim tilgangi að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við ákvæði laga nr. 45/2020, að frátöldum takmörkunum í X. kafla laganna er fjallað um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta, og fjárfestingarstefnu sjóðsins sem er takmörkuð við skuldabréf útgefin af innlendri fjármálastofnun, afleiður tengdar við hlutabréfavísitölur jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða, innlán, peningamarkaðsgerninga og skammtímasjóði til lausafjárstyringar. Hlutföll fjárfestinga sjóðsins skulu miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út.

Nánari umfjöllun um fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefnu útgefanda er að finna í kafla 2.6 „Markmið, fjárfestingarheimildir, fjárfestingarstefna” í útgefandalýsing þessari.

Greiðslur af skuldbindingum útgefanda er alfarið háð greiðsluflæði af fjárfestingum hans. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglna útgefandans geta kröfuhafar sjóðsins eingöngu beint kröfum sínum að útgefanda og er eignum og skuldbindingum sjóðsins haldið aðskildum frá öðrum eignum rekstraraðila og sjóðum vegna þess. Greiðsluskyldur sjóðsins skulu einungis inntar af hendi með eignum sjóðsins á hverjum tíma. Tekið er fram að rekstraraðili ábyrgist ekki greiðslu fjárskuldbindinga sjóðsins og er ekki ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins, hvorki að hluta eða heild. Samkvæmt 4. mgr. 3 gr. sjóðsins bera hlutdeildaskírteinishafar ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins og skv. 5. mgr. 3. gr. bera stjórn og starfsmenn rekstraraðila ekki ábyrgð á tjóni sem sjóðurinn kann að vera fyrir, nema sýnt sé fram á að tjón sé til komið vegna háttsemi sem telst til ásetnings eða stórfellds gáleysis viðkomandi.

Í kafla 2.5 „Rekstartími, slit og samruni“ í lýsingu þessari, er gerð grein fyrir ákvæðum í reglum sjóðsins sem gilda um rekstartíma, innlausn og slit, en í kafla 2.3 „Ráðstöfun á fjármunum útgefanda“ í lýsingunni er gerð grein fyrir ákvæðum í reglunum sem segja til um hvernig og í

hvaða röð skuli ráðstafa fjármunum útgefandans.

1.5. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á gjalddögum.

Útgefandi getur lent í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt lausafé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga. Ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Greiðslugeta sjóðsins og þar með lausafjánhætta er því að miklu leyti háð endurgreiðslugetu mótaðila útgefanda í þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn fjárfestir í, sbr. kafla 1.7 „Mótaðilaáhætta“. Ef greiðslur til útgefanda eru ekki inntar af hendi á réttum tíma eða þær tapast að hluta eða öllu leyti hefur það neikvæð áhrif á getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar skv. skuldabréfunum.

Greiðslugetan er einnig háð þróun á eignavirði fjármálagerninga í eigu útgefanda en lækkun á eignavirði þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í getur haft neikvæð áhrif á greiðslugetu sjóðsins.

Samkvæmt reglum útgefanda skal hann fjárfesta með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa og annarra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út og hlutföll fjárfestinga sjóðsins skal miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði skuldbindinga sjóðsins. Þrátt fyrir þetta markmið er ekki hægt að fullyrða að greiðsluflæði útgefanda muni standa undir skuldbindingum hans.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins er ekki heimild til að fresta greiðslum á lokagjalddaga skuldabréfsins, en bréfið er vaxta og afborgunarlaust fram að lokagjalddaga. Ef þörf er á getur útgefandi hins vegar kallað til fundar með skuldabréfaeigendum og óskað eftir skilmálabreytingu á skuldabréfaflokknum. Til þess að samþykkja skilmálabreytingu þarf samþykki 66,67% eigenda útgefina skuldabréfa flokksins miðað við fjárhæð skuldabréfaflokksins.

Eignir sjóðsins við útgáfu útgefandalýsingarinnar eru skuldabréf, afleiða og lausafé í bandaríkjadollar og fjallað er um eignirnar í kafla 4.2 „Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingarnar við mótaðila,“ í verðbréfalýsingu útgefanda dags 1. nóvember 2024 og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér eignirnar og mótaðilann. Jafnframt er fjallað um sjóðsstreymi í kafla 3.16.1 „Uppbygging og sjóðstreymi“ í verðbréfalýsingu útgefanda dags 1. nóvember 2024

Hvorki rekstraraðili, vörsluaðili né viðskiptabanki sjóðsins bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

1.6. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni verðbréfa þ.e. að verð verðbréfa, vísitalna og gjaldmiðla sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra flokka verðbréfa sveiflist. Margvísleg önnur atriði geta valdið verðbreytingum á fjármálagerningum og þá skuldabréfum útgefanda, s.s. almennt efnahagsástand hérlendis og erlendis, breytingar á lögum og reglum fjármálamarkaða, skattalöggjöf og aðrir ófyrirséðir atburðir.

Hætta er á tapi hjá útgefanda vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á fyrrgreindum markaðsbreytum. Virði skuldabréfanna endurspeglast af virði þeirra eigna sem útgefandi á og felur það í sér þá sértæku áhættu að ef virði eigna útgefanda rýrnar getur virði skuldabréfanna einnig rýrnað.

Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði verðbréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði verðbréfanna. Að sama skapi getur ávöxtunarkrafa til einstakra skuldabréfaflokka sveiflast eða markaðsverð erlendra gjaldmiðla. Fyrrgreindar sveiflur geta haft áhrif á afkomu sjóðsins eða virði fjármálagerninga.

1.7. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á því að mótaðili í fjármálagerningi geti ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Standi mótaðilar útgefanda í fjármálagerningum ekki við skuldbindingar sínar hefur það áhrif á fjárhag útgefanda og þar með getu hans til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt skuldabréfunum enda er eignum útgefanda ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna. Arion banki hf. er mótaðili sjóðsins vegna allra skuldbindinga sjóðsins og felur það í sér áhættu ef Arion banki hf. getur ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Eignirnar eru skuldabréfaútgáfa í flokknum ARION 27 1217 þar sem Arion banki hf. er útgefandi skuldabréfsins og mótaðili sjóðsins, samningur við bankann um kaup á OTC-valrétti (hér eftir „samningurinn“) og innlán. Skilmálar samningsins kveða á um að Arion banki hf. hafi milligöngu um kaup á OTC-valrétti af J.P. Morgan SE (hér eftir „JPM“) í samræmi við fyrirmæli sjóðsins og ber að ganga frá þeim viðskiptum í samvinnu við sjóðinn. Arion banki hf. mun koma fram sem mótaðili JPM í afleiðuviðskiptunum og ráðstafar uppgjörsgreiðslu til sjóðsins á uppgjörsdegi. Það felur í sér áhættu fyrir sjóðinn ef mótaðili Arion banka í afleiðusamningnum stendur ekki við umsamdar skuldbindingar þar sem greiðsluskylda Arion banka gagnvart sjóðnum takmarkast við greiðslur sem sannanlega berast bankanum frá JPM samkvæmt afleiðusamningnum. Frekari upplýsingar um afleiðusamninginn er að finna í kafla 4.2.2 „Afleiðusamningur“ í verðbréfalýsingu útgefanda gefin út sama eða á svipuðum degi og útgefandalýsing þessi

1.8. Vanskilaáhætta

Vanskilaáhætta er sú áhætta að útgefandi geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á gjalddaga. Með skuldabréfunum skuldbindur útgefandinn sig til að greiða skuldabréfin á gjalddaga og ber einn ábyrgð á þeirri skuldbindingu með eignum sem tilheyra honum hverju sinni, eins og kemur fram í skilmálum skuldabréfanna (sem birt er í kafla 4.2 „Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingar við mótaðila“ í verðbréfalýsingu útgefanda þann 1. nóvember 2024.), auk þess sem þar er tekið fram að rekstrarfélagið er skaðlaust af útgáfu skuldabréfanna, ber ekki ábyrgð á greiðslum vegna skuldabréfanna og er hvorki skuldari né ábyrgðarmaður á skuldabréfunum.

Skuldbinding útgefanda gagnvart skuldabréfaeigendum er bein, óskilyrt og án trygginga. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar. Krafa á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda og er jöfn öllum öðrum ótryggðum kröfum á hendur honum, að undanskildum kröfum um greiðslu opinberra gjalda og rekstrarkostnaðar, þ.m.t. allra umsýsluþóknanna og áfallins annars kostnaðar o.fl. gjalda sem komin eru til vegna rekstrar hans í samræmi við 9. gr. reglna

sjóðsins.

1.9. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er fólgin í því að vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með á fjármagnsliði útgefanda. Óvissa um framtíðarþróun vaxtastigs hefur í för með sér áhættu. Sú staða getur þó myndast að ávöxtun eigna sjóðsins verði hærrí eða lægri en markmið þess segja til um en það fer allt eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Stærsta eign sjóðsins er skuldabréf gefið út af Arion banka. Skuldabréfið er gefið út undir €3,000,000,000 Euro Medium Term Note Programme, dags., 16. október 2023, ásamt viðauka sem gefinn var út þann 2. maí 2024 og viðauka sem gefinn var út þann 19. ágúst 2024, sem saman mynda grunnlýsingu (hér eftir "EMTN skuldabréfarammi")². Á grundvelli EMTN skuldabréfarammans voru gefnir út endanlegir skilmálar (e. Final Terms) skuldabréfsins þann 17. maí 2024 með heitið ARION 27 1217 (hér eftir "endanlegir skilmálar")³, með útgáfumynt í bandaríkjadollurum, að fjárhæð USD 20.512.000. Skuldabréfið ber fasta óverðtryggða 6,25% vexti sem leggjast á höfuðstól bréfsins og hækka þar með höfuðstólsfjárhæð bréfsins á eftirfarandi dagsetningum 17. maí 2025, 17. maí 2026, 17. maí 2027. Vextir sem leggjast á bréfið frá 17. maí 2027 fram að loka gjalddaga greiðast á lokagjalddaga. Lokagjalddagi skuldabréfanna er þann 17. desember 2027. EMTN skuldabréfaramminn, eins og hann er á hverjum tíma og er birtur á vefsíðu Arion banka er skjal sem er fellt inn með tilvísun skv. kafla 4.1 „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu”. Frekari upplýsingar um skuldabréfið er jafnframt að finna í kafla 4.2.1 „Almenn skuldabréf útgefin af Arion banka hf.” í verðbréfalýsingu útgefanda þann 1. nóvember 2024.

Skuldir útgefanda í flokknum SEL 1 27 12 eru ekki vaxtaberandi og eru á gjalddaga 22.12.2027. Áætlað er að eign sjóðsins í skuldabréfum útgefin af Arion banka hf. í flokki ARION 27 1217 standi undir 85% af höfuðstól SEL1 27 12 á lokagjalddaga. Markaðsvirði eigna útgefanda er að miklu leyti háð ávöxtunarkröfu á markaði sem hefur áhrif á eignir sjóðsins og skuldabréf útgefin af sjóðnum.

1.10. Áhætta tengd afleiðum

Útgefandi hefur heimild samkvæmt fjárfestingarstefnu að fjárfesta í afleiðum tengdum við hlutabréfavísitölu jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða en þann 30.9.2024 var 33,54% af heildareignum útgefanda afleiður. Sjóðurinn á afleiðu tengda hlutabréfavísitölunni MSCI World Index (Bloomberg auðkenni: MXWO) Hlutfall eigna í afleiðum sveiflast í takt við verðbreytingar undirliggjandi eigna, sbr. umfjöllun hér að neðan.

Virði eigna útgefanda í afleiðum tengdum við hlutabréfavísitölu á MSCI World Index hlutabréfamarkaði er háð gengisþróun slíkrar hlutabréfavísitölu og getur þróun hennar því haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á virði þeirra eigna útgefanda sem tengdar eru við vísitöluna og getur jafnvel leitt til þess að virði þeirra verði að engu.

Endurgreiðsla SEL1 27 12 er að hluta háð gengi MSCI World Index hlutabréfavísitölnnar eins

² <https://www2.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefafjarfestar/fjarmognun-og-utgafulyking/#Tab1>

³ <https://www2.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/Endanlegir-skilmalar---Final-terms/Arion%20Bank%20-%20Final%20Terms%20-%20IS0000036382.pdf>

og fram kemur í skilmálum skuldabréfanna eins og þeim er nánar lýst í kafla 4.2.2 „Afleiðusamningur“ og kafla 3.2 „Skilmálar og aðrar upplýsingar um skuldabréfin og kafla 3.3 „Greiðsla á gjalddaga“ í verðbréfalýsingu útgefanda dags. 1. nóvember 2024. Þar kemur m.a. fram að endurgreiðsla skuldabréfanna hækkar ef gildi vísitölunnar, reiknað út frá meðaltali fjögurra dagslokagilda vísitölunnar þann 17. september 2027, 15. október 2027, 19. nóvember 2027 og 17. desember 2027, er hærra en það var við lokun markaða þann 10. maí 2024. Ef framangreint meðaltal vísitölunnar er lægra en það var við lokun markaða þann 10. maí 2024 verður greiðsla skv. afleiðusamningnum engin og mun það hafa áhrif á fjárhæð endurgreiðslu skv. skuldabréfunum.

1.11. Rekstrar- og útvistunaráhætta

Daglegur rekstur sjóðsins er umfangslítill þar sem enginn eiginlegur rekstur á sér stað hjá útgefanda. Felst rekstraráhættan fyrst og fremst í því að fjárfest sé í samræmi við reglur sjóðsins og greiðslufleði útgefina skuldabréfa. Séu fjárfestingar ekki með þeim hætti getur það komið niður á getu útgefanda til að mæta skuldbindingum sínum. Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (einnig „rekstrarfélagið“ eða „félagið“) er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020. og reglur sjóðsins. Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og staðgengil hans og er sjóðsstjóra heimilt að skuldbinda sjóðinn í samræmi við undirritunarreglur rekstraraðila og samþykkt stjórnar Stefnis hf. þann 3. maí 2024 sem heimilar útgáfu skuldabréfs fyrir hönd sjóðsins. Séu fjárfestingar ekki í samræmi við fjárfestingastefnuna getur það aukið hættu á að útgefandi njóti ekki þeirrar ávöxtunar og arðsemi af fjárfestingum sínum sem þarf til að mæta greiðslum af skuldabréfum. Einnig er til staðar áhætta vegna mistaka og svika, svo sem ef mistök verða hjá rekstraraðila, við mat á fjárfestingum eða að reglum útgefanda sé ekki framfylgt, t.a.m. ófullnægjandi innri ferlar, ófullnægjandi upplýsingatækni sem getur t.d. falist í röngum upplýsingum í kerfum, eða rangri notkun kerfa og áhættu vegna útvistunar á starfspáttum.

Rekstraraðili hefur útvistað vörslu fjármálagerninga, uppgjöri viðskipta og fleiri verkefnum til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 29. gr. laga nr. 45/2020. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/2020, hefur útvistun verkefna engin áhrif á ábyrgð rekstraraðila gagnvart útgefanda. Stefnir hf. getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila sjóðsins og er slík ákvörðun háð samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“). Að öðru leyti vísast til um skyldur Stefnis gagnvart útgefanda til reglna útgefanda en til þeirra er vísað í kafla 4.1 „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu“ sem og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stefnir hf. hefur útvistað eftirfarandi verkefnum til Arion banka, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt 29. gr., laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

- Útvistun bókhalds- og uppgjörsþjónustu
- Útvistun starfsmannaþjónustu
- Útvistun tiltekinna verkefna til viðskiptabankasviðs (þ.m.t. dreifing með rafrænum miðlum)
- Útvistun tiltekinna verkefna til viðskiptaumsjónar
- Útvistun lögfræðiþjónustu

Þá hefur eftirfarandi útvistun verkefna verið samþykkt af Fjármálaeftirlitinu skv. viðeigandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem skilgreind er sem mikilvæg þjónusta:

- Útvistun innri endurskoðunar
- Útvistun upplýsingatækniþjónustu.
- Útvistun regluvörslu (þ.m.t. persónuvernd og aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka).

Stefnir hf. yfirfer þjónustu útvistunaraðila með reglubundnum hætti, sbr. 5. mgr. 22. gr. laga nr. 116/2021. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 116/2021 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstraraðila engin áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis hf. gagnvart sjóðnum eða fjárfestum. Ekki er hægt að útiloka að upp geti komið hagsmunaárekstrar við störf Arion banka sem vörsluaðila sjóðsins, t.d. hefur verið skilgreind sem möguleg áhætta; áhrif á ákvarðanir, misnotkun á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðanir vörslufélags. Stefni hefur verið sett stefna um hagsmunaárekstra og skráir hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma á þar til gert yfirlit. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga. Útvistun Stefnis á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis gagnvart sjóðnum eða fjárfestum hans. Stefnir getur hvenær sem er slitið útvistunarsamningum þjóni þeir ekki lengur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa að mati Stefnis. Áhætta er til staðar sem tengist útvistun framangreindra verkefna sem og keðjuútvistun.

1.12. Lagaleg og pólitísk áhætta

Skuldabréf útgefanda hafa verið rafrænt skráð í kerfum Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi, kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq verðbréfamiðstöð“) og gilda því um þau lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga (hér eftir „lög um verðbréfamiðstöðvar“). Útgefandi mun óska eftir því að skuldabréf útgefin af félaginu verði tekin til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“) og mun því þurfa að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og hann er skilgreindur í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga (hér eftir „skipulegur markaður“). Sjá nánar í kafla 2.9 „Lagalegt umhverfi útgefanda“.

Breytingar á lögum, reglum, og stjórnsýsluframkvæmd gætu haft neikvæð áhrif á útgefanda. Ekki er hægt að útiloka að gerðar verði lagabreytingar sem gætu haft neikvæð áhrif á rekstur sjóðsins. Ef það kemur í ljós að starfsemi útgefanda uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum kann það að hafa neikvæð áhrif á rekstur útgefanda, til að mynda þar sem orðspor sjóðsins bíður hnekkji, sjóðurinn fær á sig sektir eða önnur viðurlög, eftirlitsaðilar grípa til annarra íþyngjandi úrræða gagnvart sjóðnum eða viðskiptavinir eða aðrir hagaðilar höfða dómsmál á hendur sjóðnum. Brot á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra sem og reglum Nasdaq Iceland og Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“) geta valdið sjóðnum tjóni sem áhrif gæti haft á rekstur, efnahag og framtíðarhorfur hans.

1.13. Skattaleg áhætta

Sjóðurinn er ekki sjálfstæður skattaaðili og greiðir hvorki fjármagnstekjuskatt né tekjuskatt og er hagnaður af rekstri skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Þrátt fyrir það greiðir sjóðurinn fjármagnstekjuskatt í þeim löndum sem lagður er fjármagnstekjuskattur á erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Skattaleg staða hlutdeildarskírteinishafa getur verið breytileg eftir tegund fjárfesta og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér skattalega stöðu sína. Um sjóðinn gilda skattalög, svo sem lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerðir settar á grundvelli fyrrgreindra laga.

Skv. gildandi lögum greiða einstaklingar fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af hlutdeildarskírteinum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn. Um frekari skattlagningu getur verið að ræða. Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi er athygli vakin á að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

Breytingar á lögum eða reglum vegna álagningar beinna og/eða óbeinna skatta hjá lögaðilum, geta haft áhrif á útgefanda.

2. Upplýsingar um útgefandann

2.1. Almennar upplýsingar um útgefandann

Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti:	SEL I hs.
Kennitala:	660424-9970
Félagaform:	Hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
Stofndagur:	10. maí 2024
Höfuðstöðvar og heimilisfang:	Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi
Vefsíða:	https://www.stefnir.is ⁴
Símanúmer:	+354 444 7400
LEI númer:	25490037APMBKYUYAX35
Rekstraraðili:	Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Útgefandi er stofnaður, skráður og starfræktur sem hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn er eingöngu markaðssetur fagfjárfestum, eins og það hugtak er skilgreint í lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stefnir hf. er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020 og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til reksturs á sérhæfðum sjóðum. Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi.

Starfsemi útgefanda felst í því að fjárfesta í fjármálagerningum í samræmi við fjárfestingarheimildir og fjárfestingastefnu sjóðsins, sjá nánari umfjöllun í kafla 2.6 „Markmið, fjárfestingarheimildir, fjárfestingarstefna”. Sjóðurinn er rekinn í einni deild. Fjárfestingar sjóðsins fjármagnar hann með útgáfu skuldabréfa og hlutdeildarskírteina eins og nánar er tilgreint í 9. grein reglna sjóðsins. Til að fjármagna sjóðinn gaf útgefandi út skuldabréf, SEL1 27 12 þann 10. maí 2024 að fjárhæð USD 30.000.000 sem voru rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð þann 10. maí 2024. Þann sama dag seldi sjóðurinn 100 hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem seld voru til fagfjárfesta þann 10. maí 2024 í samræmi við reglur sjóðsins. Stofndagur sjóðsins var 10. maí 2024. Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og staðgengil hans. Sjóðsstjórar SEL I eru tveir og eru þeir staðgenglar hvors annars.

Reglur útgefandans voru samþykktar af stjórn rekstrarfélags sjóðsins 4. apríl 2024, með breytingum gerðum 8. maí 2024. Ekki kemur fram stofngögnum útgefanda að útgefandanum hafi verið komið á fót sem félag með sérstakan tilgang (e. Special purpose vehicle) eða aðila með þann tilgang að gefa út eignavarin bréf skv. reglum sjóðsins.

2.2. Hlutdeildarskírteini

⁴ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti grunnlýsingarinnar nema þær upplýsingar sem feldar eru inn í lýsinguna með tilvísun.

Útgefandi hefur gefið út 100 einingar af hlutdeildarskírteinum og er andvirði 100 bandaríkjadollara við útgáfu. Hlutdeildarskírteinin voru gefin út á stofndegi sjóðsins 10. maí. 2024 og var gengi á stofndegi 1 USD á einingu. Sjóðurinn er lokaður þannig að ekki verður um frekari útgáfu á hlutdeildarskírteinum sjóðsins að ræða.

Kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri öðrum kröfum gerðum á hendur útgefanda og þau verða innleyst þegar búið er að gera upp við eigendur skuldaskjala sbr. 8. gr. reglna sjóðsins.

Rekstraraðila er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins og/eða tekjur að öðru leyti en til trygginga á greiðslum á skuldabréfum. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Ekki verður greiddur arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins en óheimilt er að ráðstafa fjármunum til hlutdeildarskírteinishafa og innleysa þau fyrr en skuldabréf útgefin af sjóðnum hafa verið af fullu greidd sbr. 4. mgr. 8. gr. og b. liður 3. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins

Eigandi allra hlutdeildarskírteina er sjóðurinn Stefnir – ÍS 5 hs., kt. 430407-9610. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður og er í rekstri Stefnis hf. skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé undir beinum eða óbeinum yfirráðum eða stjórn einhvers eins aðila né um annað eignarhald en að framan greinir eða að honum sé stjórnað af öðrum aðilum en hér hefur verið greint frá. Þá er útgefanda ekki heldur kunnugt um að til staðar séu önnur réttindi en að framan greinir sem geta leitt til breytinga á yfirráðum í útgefanda.

2.3. Ráðstöfun á fjármunum útgefanda

Skv. 9. gr. reglna sjóðsins er greiðslum til sjóðsins skal ráðstafað af sjóðnum í neðangreindri röð:

- a. til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. allra umsýsluþóknanna skv. 7. gr reglna sjóðsins og áfallins annars kostnaðar o.fl. gjalda sem eru til komin vegna rekstrar hans
- b. í samræmi við skilmála þeirra skuldaskjala sem sjóðurinn hefur gefið út
- c. til greiðslu breytanlegrar þóknunar sjóðsins skv. 7. gr.

Kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri öðrum kröfum gerðum á hendur sjóðnum og þau verða einungis innleyst þegar búið er að gera upp við eigendur skuldaskjala

Óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins og/eða tekjur að öðru leyti en til trygginga á greiðslum á skuldabréfum skv. b) lið 3. mgr.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Ekki verður greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum sjóðsins en óheimilt er að ráðstafa fjármunum til hlutdeildarskírteinishafa fyrr en skuldabréf útgefin af sjóðnum hafa verið greidd að fullu.

2.4. Kostnaður útgefanda

Útgefandi greiðir rekstraraðilanum umsýsluþóknun sem er 0,35% á ári af heildar nafnvirði allra

útgefingna skuldabréfa sjóðsins á meðan hann er starfræktur og skal greiðslan innt af hendi mánaðarlega.

Einnig greiðir útgefandi rekstraraðila breytanlega þóknun sem nemur þeim hagnaði sem eftir stendur í sjóðnum þegar eftirfarandi greiðslur hafa verið inntar af hendi skv. 9. gr. reglna sjóðsins:

- a. til greiðslu opinberra gjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. allra umsýsluþóknanna skv. 7. gr reglna sjóðsins og áfallins annars kostnaðar o.fl. gjalda sem eru til komin vegna rekstrar hans
- b. í samræmi við skilmála þeirra skuldaskjala sem sjóðurinn hefur gefið út

Breytanleg þóknun er greidd af útgefanda til rekstraraðila þegar sjóðurinn hefur tryggt að slík ráðstöfun skerði ekki möguleika sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar þegar slík ráðstöfun á sér stað.

Þóknun vörsluáðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun rekstraraðila.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun Stefnis hf. Þá áskilur rekstraraðili sér rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna fjármálaeftirlits, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, kostnað vegna skráningar skuldabréfs útgefið af sjóðnum þ.m.t. vegna skráningarlýsingar, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærrí en sem nemur 0,07% á ári af heildar nafnvirði allra útgefingna skuldabréfa sjóðsins á meðan hann er starfræktur.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat rekstraraðila til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum eigenda skuldaskjala sjóðsins og hlutdeildarskírteinishafa sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

2.5. Rekstrartími, slit og samruni

Rekstrartími útgefanda er ótiltekinn en skv. 10. gr. reglna útgefanda er ákvörðun um slit hans í höndum rekstraraðilans og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga. Komi til slita sjóðsins skal rekstraraðilinn koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni eigenda skuldaskjala sjóðsins og hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði í samræmi við reglur sjóðsins. Rekstraraðilinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu.

Rekstraraðila er aðeins heimilt að slíta sjóðnum eða ganga í samruna sjóðsins við aðra sjóði að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum.

- a. Skuldabréf útgefin af sjóðnum hafa verið greidd að fullu
- b. Rekstraraðili sjóðsins hefur með þriggja mánaða fyrirvara tilkynnt

hlutdeildarskírteinishöfum að sjóðnum verði slitið.

Rekstraraðili tekur ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði en er með öllu óheimilt að gera það nema með samþykki hlutdeildarskírteinishafa.

2.6. Markmið, fjárfestingarheimildir, fjárfestingarstefna

Um markmið útgefanda fer samkvæmt fjárfestingarstefnu hans sem skrifuð er í 4. gr. reglna sjóðsins. Markmiðið er að skila góðri arðsemi og tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út.

Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins og fela skuldabréfin sem lýsing þessi tekur til ekki í sér bein veð. Rekstraraðila er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins og/eða tekjur að öðru leyti en til trygginga á greiðslum í samræmi við skilmála þeirra skuldaskjala sem sjóðurinn hefur gefið út sbr. 9. gr. reglna sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa og annarra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út.

Fjárfestingarheimildir útgefanda miðast við fjárfestingar í öllum fjármálagerningum, sé það gert í þeim tilgang að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við ákvæði laga nr. 45/2020, að frátöldum takmörkunum í X. kafla laganna sem fjalla um sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta, og fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingastefna sjóðsins er takmörkuð við skuldabréf útgefin af innlendri fjármálastofnun, afleiður tengdar við hlutabréfavísitölur jafnt innan sem utan skipulegra verðbréfamarkaða og innlán, peningamarkaðsgerninga og skammtímasjóði til lausafjárstýringar. Fjárfestingarstefnan kveður á um að hlutföll fjárfestinga sjóðsins skulu miða út frá að mæta og tryggja greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn gefur út. Í 5. gr. reglna sjóðsins kemur fram að afleiður sem sjóðurinn notar eru einkum valréttir. Í tilviki valréttar kaupir sjóðurinn rétt til að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Kaupi sjóðurinn valrétti takmarkast áhætta sjóðsins við það verð sem hann greiddi fyrir valréttinn.

2.7. Eignasafn

Um eignir sjóðsins vísast til kafla 4.2 „Helstu skilmálar í tengslum við skuldbindingar við mótaðila“ í verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri sama dag og útgefandalýsing þessi.

Eignum útgefanda er ætlað að standa að baki greiðslum vegna skuldabréfanna sem lýsing þessi tekur til. Geta útgefanda til að standa við skuldbindingar sínar er því að mestu háð því að mótaðili útgefanda standi við skuldbindingar sínar.

Útgefandi hefur heimild að skipta út eignum, þ.e. selja framangreindar eignir og kaupa aðrar í staðinn. Þessi heimild takmarkast af fjárfestingarstefnu útgefanda sbr. 4. gr reglna sjóðsins. Engar takmarkanir eru á hvernig reglur útgefanda taka breytingum.

Rekstrarfélag útgefanda og vörsluaðili hans sjá til þess að fjárfestingar útgefanda séu í samræmi við fjárfestingarstefnu hans. Ef brot á fjárfestingartakmörkunum útgefanda ætti sér stað, þá er ekki kveðið sérstaklega á um að skylt sé að tilkynna slíkt sérstaklega til fjárfesta.

Reglur sjóðsins kveða ekki á um takmarkanir á lántöku og/eða skuldsetningu.

2.8. Mat á fjárfestingum

Fjallað er á mat á eignum sjóðsins í 8. gr. reglna sjóðsins. Þar kemur fram að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins að frádregnum skuldum hans á uppgjörssdegi innlausnar, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði, ógreiddum þóknunum og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

Mat á eignum sjóðsins fer skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt 26. gr. laganna skulu eignir sjóðsins á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Fjármálagerningar, sem sjóðurinn hefur fjárfest í og eru skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga skal háð mati rekstraraðila sjóðsins, undir eftirliti vörsluaðila og ytri endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Skal rekstraraðili halda skrá yfir mat óskráðra eigna þar sem fram koma forsendur við mat á eignum.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu vera óinnleysanleg þar til skuldabréf og aðrar skuldbindingar sjóðsins hafa verið greiddar upp að fullu, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglna sjóðsins.

Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað mánaðarlega. Andvirði hlutdeildarskírteina og ávöxtun skal haldið sérgreindu frá öðrum eignum sjóðsins og skal gengi þeirra endurspegla þá ávöxtun.

2.9. Lagalegt umhverfi útgefanda

SEL I hs. er hlutdeildarsjóður skv. IX. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Um reikningsskil og bókhald félagsins gilda lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 145/1994 um bókhald. Sjóðurinn er ekki sjálfstæður skattaaðili og greiðir hvorki fjármagnstekjuskatt né tekjuskatt. Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á Íslandi á hverjum tíma. Hún getur verið breytileg eftir tegund fjárfesta og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér skattalega stöðu sína. Því gilda skattalög um sjóðinn, svo sem lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerðir settar á grundvelli fyrrgreindra laga. Frá því að skuldabréf félagsins hafa verið rafrænt skráð og tekin til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland mun sjóðurinn þurfa að fylgja lögum og reglum sem gilda um útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, eins og þau eru á hverjum tíma. Þar ber helst að nefna lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum og afleiddar reglugerðir svo sem reglugerð nr. 977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglugerð nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum, en fyrrnefnd lög og reglugerðir innleiða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014. Ennfremur gilda um útgefanda lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu, ásamt reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 655/2023, um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa.

2.10. Dómsmál og gerðardómsmál

SEL I er ekki og hefur ekki verið aðili að stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins eða arðsemi hans undanfarna tólf mánuði. Sjóðnum er enn fremur ekki kunnugt um að slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við birtingu útgefandalýsingar þessarar.

2.11. Fjárhagsupplýsingar

Stofndagur útgefanda var 10. maí 2024. Sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni ná yfir tímabil frá stofndegi þ.e. 10.5.2024 til 30.9.2024 og var árshlutareikningur SEL I hs. undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra rekstraraðila þann 14. október 2024.

Árshlutareikningur 2024 var gerður og endurskoðaður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ársreikningar verða gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Jafnframt munu ársreikningar sjóðsins vera endurskoðaðir í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstrarfélag útgefanda er ábyrgt fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningana í samræmi við ofangreind lög.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á fjárhagsstöðu eða framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila sjóðsins og öllum fjárfestingum sjóðsins er lýst í útgefandalýsingu þessari og verðbréfalýsingu útgefanda dags 1. nóvember 2024.

Í samræmi við starfsemi sjóðsins þá er lítill sem enginn rekstur hjá útgefanda og sveiflast því virði eigna hans fyrst og fremst í takt við þróun á virði eigna sem hann á, hverju sinni.

Rekstrarreikningur

Í eftirfarandi töflu er rekstrarreikningur SEL I skv. árshlutareikningi 2024 vegna starfsemi félagsins frá stofndegi í 10. maí 2024 til 30.9.2024.

Tafla 2.11.1: Rekstrarreikningur⁵

	2024
	1.1.- 30.9
Vaxtatekjur	17.057
Virðisbreyting verðbréfa	24.824
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	41.881
Umsýslupóknun rekstraraðila	40.163
Annar rekstrarkostnaður	1.717
Rekstrargjöld samtals	41.880
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	1

⁵ Fjárhæðir eru í bandaríkjadollurum

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð á á rekstrareikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

Tafla 2.11.2: Efnahagsreikningur⁶

Efnahagsreikningur

Fjárfestingar:	
Verðbréf með föstum tekjum	20.985.353
Afleiður	10.802.278
Fjárfestingar samtals	31.787.631
Aðrar eignir:	
Handbært fé	419.534
Aðrar eignir samtals	419.534
Eignir samtals	32.207.165
Útgefin skuldabréf	31.787.318
Skuldir við tengd félög	26.393
Aðrar skuldir	393.353
Skuldir samtals	32.207.064
Hrein eign í lok tímabilsins	101
Fjöldi útgefina hlutdeildarskírteina	100
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins	1,01

Árshlutareikning SEL I fyrir framangreint tímabil má finna í heild sinni í kafla 4.1 „Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu“, ásamt skýringum, skýrslu stjórnar og ásamt áritun óháðra endurskoðenda.

3. Upplýsingar um rekstraraðilann

3.1. Almennar upplýsingar um rekstraraðilann

Útgefandi var stofnaður af Stefni hf. sem hlutdeildarsjóður og skv. 1. gr. reglna SEL I hs. er Stefni hf. rekstraraðili útgefanda í samræmi við lög nr. 45/2020.

Lögformlegt heiti og viðskiptaheiti:	Stefni hf.
Kennitala:	700996-2479
Höfuðstöðvar og heimilisfang:	Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Félagaform:	Skráð hlutafélag í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög
Hagsmunir:	Stefni-ÍS 5 hs, kt. 430407-9610 er eigandi allra

⁶ Fjárhæðir eru í bandaríkjadollurum

	hlutdeildarskírteina sjóðsins, sem er sjóður í rekstri Stefnis hf.
Stofndagur:	30. september 1996
Hluthafar:	100% í eigu Arion banka hf. (kt. 540502-2930)
Vefsíða:	https://www.stefnir.is/ ⁷
Símanúmer:	+354 444-7400
LEI númer:	549300RB7IH3221K7386

Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Útgefið hlutafé Stefnis er 43,5 milljónir króna. Hlutfallslegt eignarhald skiptist milli Arion banka hf. 99,93% og Gen hf. 0,07%. Endurskoðandi félagsins er Deloitte ehf. Nánari upplýsingar um rekstraraðilann má finna á heimasíðu hans: <https://www.stefnir.is>.

Rekstraraðili ábyrgist ekki greiðslu fjárskuldbindinga sjóðsins og er ekki við nokkrar kringumstæður ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins, hvorki að hluta né í heild.

Í IV. kafla laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða er kveðið á um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði. Rekstraraðili má ekki vera vörsluaðili, meirihluti stjórnarmanna rekstrarfélags sérhæfðra sjóða skal vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki, rekstrarfélög skulu vera óháð móðurfélagi og vörsluaðila í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, svo og að stjórnarmaður í rekstrarfélagi megi ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörsluaðila.

3.2. Tilgangur rekstraraðila

Tilgangur Stefnis er rekstur verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta. Tilgangur félagsins er jafnframt eignastýring, fjárfestingarráðgjöf, auk hvernar annarrar starfsemi sem tilgreind er í starfsleyfi og starfsheimildum félagsins. Sem og öll sú starfsemi sem stendur í eðlilegum tengslum við slíka starfsemi, t.d. rekstur og fjárfestingar sem nauðsynlegur er fyrir tilgang félagsins og heimili er innan ramma laga.

3.3. Starfsemi rekstraraðila

Stefnir var stofnaður árið 1996 og hlutverk félagsins er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Stefnir þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum og hefur frá upphafi verið í fararbroddi í þróun á nýjum tegundum sjóða, jafnt fyrir einstaklinga sem fagfjárfesta. Við þróun og stýringu sjóða er fyrst og fremst horft til hagsmuna viðskiptavina auk þess sem áhersla er lögð á árvekni, yfirsýn og öflugna fagþekkingu. Starfsmenn félagsins eru 20

⁷ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti grunnlýsingarinnar nema þær upplýsingar sem feldar eru inn í lýsinguna með tilvísun.

talsins. Eignir í stýringu félagsins nema 321 ma.kr. þann 30.8.2024.

3.4. Vörslufyrirtæki og útvistun verkefna

Vörslufyrirtæki útgefanda er Arion banki hf. kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Stjórn rekstraraðilans er heimilt að skipta um vörslufyrirtæki. Vörslufyrirtækið skal starfa í samræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 45/2020 og þjónusta útgefanda í samræmi við vörslusamning. Skyldur vörsluaðila með tilliti til ráðstafana vegna eigna eru eftirfarandi:

- a. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina eða hluta sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum hvers sjóðs.
- b. Tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina eða hluta sé framkvæmdur samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum hvers sjóðs.
- c. Framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau brjóti í bága við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglur hlutaðeigandi sjóðs.
- d. Tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðs sé endurgjald greitt sjóðnum innan eðlilegra tímamarka og tekjur hvers sjóðs séu notaðar í samræmi við lög og þær reglur sem afmarka starfsumgjörð sjóðs.

Útvistun verkefna er til staðar hjá rekstraraðila útgefanda og er stefna félagsins að útvista m.a. að meginstefnu til umsýsluverkefnum, innri endurskoðun, regluvörslu og verkefnum sem tengjast starfsemi félagsins. Samningur er við Arion um útvistun verkefna og er honum nánar lýst í kaflanum 1.11 „Rekstrar og útvisturnaráhætta“.

3.5. Stjórnarhættir og stjórn rekstraraðila

Stefnir er rekstraraðili félagsins skv. reglum sjóðsins. Samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki ber fjármálafyrirtækjum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Stefnir fylgir því í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja samkvæmt 6. útgáfu, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöllinni og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn Stefnis hefur einsett sér að ástunda góða og vandaða stjórnarhætti. Stefnir var á árinu 2012 fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta viðurkenninguna „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“. Viðurkenningin var fyrst veitt af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands að undangenginni úttekt endurskoðunarfyrirtækisins KPMG. Stefnir hefur hlotið endurnýjun viðurkenningarinnar með reglubundnum hætti og er eins og áður til fyrirmyndar á Íslandi þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Jafnframt markast stjórnarhættir Stefnis hf. af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar og lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stjórn Stefnis er skipuð þrem einstaklingum. Meirihluti stjórnarmanna er óháður Arion banka, en bankinn og tengd félög eru eigendur alls hlutafjár í Stefni. Stjórn Stefnis hefur einsett sér að ástunda góða og vandaða stjórnarhætti.

Stjórn og framkvæmdastjórn rekstraraðila skipa eftirfarandi aðilar:

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður, kt. 180863-3629

Sigrún Ragna hefur fjölbreytta reynslu af fjármálamarkaði. Sigrún Ragna var forstjóri VÍS og Lífis á árunum 2011-2016. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka og þar áður hjá Deloitte, þar sem hún var meðeigandi, stjórnarformaður og löggiltur endurskoðandi til ársins 2007. Sigrún Ragna er varaformaður stjórnar Símans, auk þess sem hún er í stjórn Heklu og Heklu fasteigna hf. Þá hefur hún setið í stjórnnum fjölda fyrirtækja svo sem í Verði tryggingum, Reiknistofu bankanna og Creditinfo Group.

Sigrún Ragna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og lauk prófi til löggildingar í endurskoðun árið 1990. Sigrún Ragna útskrifaðist með MBA próf frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007.

Sigrún Ragna eða tengdir aðilar eiga enga eignarhluti eða kauprétti í félaginu og engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa Stefnis.

Guðmundur Jóhann Jónsson, stjórnarmaður, kt. 041159-2439

Guðmundur Jóhann Jónsson, situr í stjórn Stefnis og er fæddur 1959.

Guðmundur var forstjóri Varðar tryggingar og Varðar líftrygginga á árunum 2006-2023 og er háður stjórnarmaður. Áður starfaði Guðmundur sem stjórnandi hjá Sjóvá í um 20 ár og í liðlega tvö ár hjá SP-Fjármögnun og Reykjavíkurborg. Guðmundur hefur setið í stjórnnum margra fyrirtækja í gegnum tíðina, þar á meðal í stjórn Origo í yfir 20 ár. Þá var hann formaður stjórnar Securitas, sat í stjórn útgerðarfyrirtækisins G.RUN og lauk nýverið 8 ára setu í stjórn Viðskiptaráðs.

Guðmundur er viðskiptafræðingur frá Seattle University. Hann lauk MBA próf frá Edinborgarháskóla árið 2000 og AMP námi frá IESE í Barcelona á árinu 2021.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, stjórnarmaður, kt. 230969-5239

Hrefna er framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi og situr í framkvæmdastjórn Creditinfo Group. Hrefna hefur fjölbreytta reynslu af fjármálamarkaði. Hrefna var framkvæmdastjóri Markaða hjá Landsbankanum á árunum 2010-2021. Áður starfaði hún sem sjóðsstjóri framtaksfjárfestinga hjá Arev verðbréfafyrirtæki, hún var forstöðumaður skráningarsviðs hjá Kauphöllinni og starfaði sem forstöðumaður einstaklingsþjónustu hjá verðbréfafyrirtækinu Fjárvangi. Hrefna situr í stjórn lyfjafyrirtækisins Choripharma og stjórn Viðskiptaráðs. Þá hefur hún fjölbreytta stjórnarreynslu svo sem sem stjórnarmaður í Framtakssjóði Íslands og Umbreytingu II framtakssjóði í stýringu hjá Alfa. Hrefna var einn af stofnaðilum IcelandSIF.

Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og lauk löggildingarprófi í verðbréfum 2011. Hrefna lauk AMP námi frá IESE í Barcelona árið 2021.

Hrefna eða tengdir aðilar eiga enga eignarhluti eða kauprétti í félaginu og engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa Stefnis.

Jón Finnbogason, framkvæmdastjóri Stefnis, kt. 040873-3769

Jón hefur fjölbreytta reynslu af fjármálamarkaði eða allt frá árinu 1999 og hefur hann gengt

stjórnunarstörfum innan fjármálafyrirtækja allt frá árinu 2009. Síðast starfaði Jón sem forstöðumaður fyrirtækjahluta á fyrirtækja- og fjárfestingabankasviði Arion banka hf. og einnig sem útlánastjóri (e. Chief Credit Officer) bankans.

Stór hluti af starfsreynslu Jóns er frá hans fyrri störfum hjá Stefni hf. en hann starfaði hjá félaginu fyrst á árunum 2003 til 2008 og aftur frá 2013 til 2017, þá sem forstöðumaður skuldabréfateymis Stefnis. Þá starfaði Jón hjá Byr sparisjóði frá árunum 2009 til 2011 fyrst sem yfirlögfræðingur og svo sem sparisjóðsstjóri og forstjóri Byrs hf.. Á árunum 2011 til 2013 starfaði Jón sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka hf.

Jón hefur verið virkur í stjórnar- og sjálfbóðaliðastörfum allt frá árinu 1996 og þar til hann hóf störf sem framkvæmdastjóri Stefnis 2022. Ber þá helst að nefna, stjórn Fimleikasambands Íslands 1996 – 2000, stjórn Íþróttafélagsins Gerplu 2003 - 2013 og þar af sem formaður stjórnar frá 2006 - 2013. Stjórn Íþrótt og ólympíusambands Íslands (ÍSí) í varastjórn á árunum 2015 - 2017 og í framkvæmdastjórn ÍSí á árunum 2017 - 2019. Varabæjarfulltrú í bæjarstjórn Kópavogs 2014 – 2022 og bæjarfulltrúi 2022

Jón lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1998. Hann er einnig lögmaður með málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi. Árið 2002 lauk hann prófi í verðbréfavíðskiptum.

Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðsstjóra í samræmi við reglur útgefanda. Sjóðstjórar útgefanda eru eftirfarandi aðilar:

Per Matts Henje, sjóðsstjóri SEL I hs., kt. 080871-4819

Per hefur fjölbreytta reynslu af fjármálamarkaði frá árinu 1995. Vann fyrst við fyrirtækjaráðgjöf hjá Íslandsbanka 1995-1997 og hafði þar umsjón með skuldabréfa- og hlutafjárútboðum en svo við stýringu erlendra sjóða hjá Rekstrarfélagi Kaupþings hf. (síðar Stefnir hf.) árin 1997 -2001. Per starfaði 2002-2006 í Hagdeild Kaupþings og var forstöðumaður 2003-2006 og hafði þar yfirumsjón með áætlanagerð og mánaðarlegum innri uppgjörum samstæðu bankans ásamt fleiru.

Frá 2006 hefur Per starfað sem sjóðstjóri erlendra sjóða hjá Stefni.

Per lauk Cand. Oecon. prófi 1995 frá Viðskiptadeild Háskóla Íslands með áherslu á Fjármál og prófi í verðbréfavíðskiptum árið 1999. Árið 2018 lauk Per MBA námi frá Háskólanum í Reykjavík.

Róbert Vilhjálmur Ásgeirsson, sjóðsstjóri SEL I hs., kt. 291100-2280

Róbert starfar sem sérfræðingur hjá Stefni hf. í deildinni Greining, sjálfbærni og sjálfvirkni og hefur starfað þar frá árinu 2022. Reynsla Róberts hjá Stefni hf. er fjölbreytt en stór hluti af starfi hans hefur verið við greiningar erlendra hlutabréfamarkaða. Áður starfaði hann sem sérfræðingur hjá Arion banka hf. við m.a. eignastýringu til fagjáfesta.

Róbert útskrifaðist með B.Sc gráðu í fjármálaverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2022 og lauk prófi í verðbréfaréttindum árið 2023.

Stjórn Stefnis hefur skipað endurskoðunar- og áhættunefnd Stefnis og er hún starfrækt sbr. 108 gr. a laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem kveðið er á um að einingar tengdum almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum. Nefndina skipa Guðmundur Jóhann Jónsson, Sigrún Ragna Ólafsdóttir og Hrefna Ösp

Sigfinnsdóttir. Meirihluti nefndarmanna er óháður félaginu og Arion banka hf., móðurfélagi Stefnis hf. Endurskoðandi félagsins er Deloitte ehf.

Stjórn Stefnis hefur skipað starfskjaranefnd Stefnis og er hún starfrækt sbr. 17. gr. c. laga 116/2021 um verðbréfasjóði og 21. gr. c. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða þar sem kveðið er á um að rekstrarfélag/rekstraraðili sem er mikilvægur skuli hafa starfskjaranefnd sem skipuð skal eigi færri en þremur mönnum. Nefndina skipa Guðmundur Jóhann Jónsson, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir og Sigrún Ragna Ólafsdóttir. Meirihluti nefndarmanna er óháður félaginu og Arion banka hf., móðurfélagi Stefnis hf.

Viðskiptaheimilisfang ofangreindra aðila er Borgartún 19, Reykjavík.

Engir aðrir hagsmunir en þeir sem tilgreindir eru hér að ofan eru á milli skyldustarfa ofangreindra aðila fyrir SEL I hs. og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

3.6. Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um m.a. fjárhag, reglur, stjórnarhætti, hagsmunaárekstra, starfskjarastefnu, sjálfbærni og reglur rekstrarfélagsins má finna á vef rekstrarfélagsins: www.stefnir.is.

4. Tilkynning til fjárfesta

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu útgefanda dagsettri 1. nóvember 2024, sem varðar beiðni stjórnar rekstraraðila um töku skuldabréfa sem gefin eru út af útgefanda, í flokknum SEL1 27 12, til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland. Skuldabréfin eru gefin út af SEL I hs. Lýsing þessi er á íslensku og samanstendur af þremur aðskildum skjölum; útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu dagsettri á sama dag og útgefandalýsing þessi sem er útgefin í tengslum við útgáfu á skuldabréfaflokknum SEL1 27 12 og samantekt.

Til að fjármagna starfsemi sína hefur útgefandi gefið út skuldabréfaflokkinn SEL1 27 12. Útgáfudagur bréfanna átti sér stað 10.5.2024 að fjárhæð 30.000.000 USD.

Stjórn rekstraraðila mun óska eftir að skuldabréfaflokkurinn SEL1 27 12 verði tekinn til viðskipta á First North Nasdaq Iceland, en sjóðurinn uppfyllir öll skráningarskilyrði Nasdaq Iceland sem tilgreind eru í First North Iceland Fixed Income Rulebook, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. janúar 2024.

Útgefanda, rekstraraðila og Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 108 Reykjavík (hér eftir „Arion banka“) sem umsjónaraðila er ekki skylt að meta hvort kaup á skuldabréfum sem þessi lýsing tekur til er viðeigandi fyrir fjárfesta. Útgefandi, rekstraraðili og Arion banka fara fram á það við fjárfesta að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í þessari lýsingu.

Framangreint fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (hér eftir „lög um lýsingar“) og reglugerð nr. 274/2020 um innleiðingu framseldra reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (hér eftir „lýsingarreglugerð“). Útgefandalýsingin fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðauka 9 við framselda reglugerð nr. 2019/980 en viðauki 9 er vegna útgefandalýsingar fyrir eignavarin bréf. Verðbréfalýsing gefin út af útgefanda sama dag og útgefandalýsing þessi fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðaukum 14 og 19 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980. Jafnframt er lýsingin útbúin með hliðsjón af First North Iceland Fixed Income Rulebook, sem gefnar voru út af Nasdaq Iceland, 1. janúar 2024.

Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu sem lögbærur yfirvaldi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands staðfestir aðeins viðkomandi útgefandalýsingu í þeim skilningi að hún uppfylli þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi útgefandalýsing varðar. Fjárfestar skulu meta sjálfir hvort þeim henti að fjárfesta í verðbréfum sem lýst er í útgefandalýsingu þessari.

Í lýsingunni er að finna þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í

skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft áhrif á útgefanda og virði skuldabréfanna, en þeim er lýst í kafla 1 „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu þessari og í kafla 1 „Áhættuþættir“ í verðbréfalýsingu SEL I dagsettri sama dag og útgefandalýsingu þessari. Fjárfestum er bent á að gera eigin kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu lýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra verðbréfalýsingu útgefanda dagsettri sama dag og útgefandalýsing þessi. Því gerir útgefandi kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. Útgefandalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 1. nóvember 2024 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi. Útgefandi, rekstrarfélag, vörslufyrirtæki og Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. sem er umsjónaraðili (hér eftir „umsjónaraðili“) með töku skuldabréfa SEL I til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á lýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 1. nóvember 2024.

4.1. Skjöl til sýnis, skjöl felld inn með tilvísun og aðgangur að lýsingu

Lýsing útgefanda samanstendur af þremur skjölum, útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu dagsettri sama dag og útgefandalýsing þessi, samantekt og eftir atvikum viðaukum sem kunna að vera gerðir í samræmi við 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Í tólf mánuði eftir útgáfu lýsingar, muni eftirfarandi skjöl vera til sýnis með rafrænum hætti á vefsíðu útgefanda: https://www.stefnir.is/sjodir/#skradir_fjarmalagerningar. Til viðbótar verða öll gögn sem felld eru inn með tilvísun aðgengileg með rafrænum hætti í 10 ár eftir útgáfu lýsingarinnar á tilgreindri vefsíðu.

Skjöl til sýnis:

- Reglur SEL I hs. samþykktar 4. apríl 2024, með breytingum gerðum 8. maí 2024.
- Útgefandalýsing útgefanda dagsett og undirrituð 1. nóvember 2024.
- Verðbréfalýsing útgefanda dagsett og undirrituð 1. nóvember 2024.
- Endurskoðaður árshlutareikningur 1.1.2024-30.09.2024.

Eftirfarandi skjöl eru felld með tilvísun inn í lýsinguna og skoðast sem órjúfanlegur hluti af lýsingunni.

Skjöl felld inn með tilvísun

- €3,000,000,000 Euro Medium Term Note Programme útgefin af Arion banka hf., kt.

581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík (einnig „bankinn“) þann 16. október 2023, vefslóð: <https://www2.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/utgafulyising---Programme-Documents/Arion%20Bank's%20EMTN%20Base%20Prospectus%202023.pdf> ásamt viðauka sem gefinn var út þann 2. maí 2024 og viðauka sem gefinn var út þann 19. ágúst 2024 sem saman mynda grunnútgáfu skuldabréfa. Vefslóð viðauka frá 2. maí 2024: <https://www.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/utgafulyising---Programme-Documents/Arion%20Bank%20-%20EMTN%20Prospectus%20Supplement%20-%20Q2%202024.pdf> og vefslóð viðauka frá 19. ágúst 2024: <https://www.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/utgafulyising---Programme-Documents/Arion%20Bank%20-%20EMTN%20Prospectus%20Supplement%20-%20Q2%202024.pdf> Saman nefnast ofangreind skjöl ásamt þeim breytingum sem gerðar eru á hverjum tíma með viðauka og birtar eru á vefsvæði Arion banka: <https://www2.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefafjarfestar/fjarmognun-og-utgafulyising/#Tab1> „EMTN skuldabréfaramminn“.

- Endanlegir skilmálar (e. Applicable Final Terms) ARION 27 1217 með útgáfudag þann 17. maí 2024 en endanlegir skilmálar eru gefnir út á grundvelli EMTN skuldabréfarammans. Endanlegir skilmálar eru birtir hér: <https://www2.arionbanki.is/library/skrar/Bankinn/Fjarfestatengsl/Adrar-langtimaskuldir/EMTN/Endanlegir-skilmalar---Final-terms/Arion%20Bank%20-%20Final%20Terms%20-%20IS0000036382.pdf>.
- Almenn útgefandalýsing (e. registration document) útgefið af J.P. Morgan SE þann 31. maí 2024 https://www.jpmorgan-zertifikate.de/globalassets/library/legal-documents/items/fp-fp/240531_jpmse_rd_2024_sv3.pdf ásamt síðari viðaukum sem munu birtast á eftirfarandi vefsíðu <https://www.jpmorgan-zertifikate.de/Dokumente/Basisprospekte/>.
- Endurskoðaður árshlutareikningur 10.5.2024-30.09.2024, dagsettur 14. október 2024. Sjá hér: [https://www.stefnir.is/library/Skrar/Sjodir/SEL-1-hs/2024%20-%20c3%81rshlutareikningur%20SEL%20I%20hs.%2030.%20september%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stefnir.is/library/Skrar/Sjodir/SEL-1-hs/2024%20-%20c3%81rshlutareikningur%20SEL%20I%20hs.%2030.%20september%20-%20Copy%20(1).pdf)

4.2. Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í lýsingunni byggja ekki á yfirlýsingum utanaðkomandi sérfræðinga eða þriðja aðila, öðrum en opinberum upplýsingum sem birtar hafa verið af opinberum aðilum.

Upplýsingar frá útgefanda eru fengnar frá rekstraraðila, útgefanda sjálfum, gögnum sem birt hafa verið af mótaðilum með opinberum hætti og öðrum opinberum gögnum.

Útgefandinn staðfestir að fyrrgreindar upplýsingar sem stuðst er við gerð lýsingarinnar voru endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrrgreindir aðilar hafa birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi.

4.3. Upplýsingaskylda

Upplýsingar eru veittar í samræmi við þau lög, reglugerðir og reglur sem gilda um

upplýsingaskyldu aðila sem tekin eru til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland þær sem settar eru fram um upplýsingaskyldu í First North Iceland Fixed Income Rulebook sem tók gildi þann 1. janúar 2024.

Meðan skuldabréf útgefanda eru til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland mun rekstraraðili f.h. útgefanda birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef rekstraraðila <https://www.stefnir.is>

4.4. Umsjónaraðili og töku skuldabréfanna til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka er er umsjónaraðili með töku skuldabréfa í flokki SEL1 27 12 til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland.

Jafnframt hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka unnið að gerð samantektar og útgefandalýsingar þessarar og verðbréfalýsingar sem dagsett er sama dag og útgefandalýsing þessi í samráði við útgefanda og rekstraraðila útgefanda og eru þessi gögn byggð á upplýsingum frá útgefanda. Samskiptaupplýsingar Arion banka eru eftirfarandi: arionbanki@arionbanki.is, s. 444-7000 og LEI númer: RIL4VBPDB0M7Z3KXSF19

Stefnir hf. er rekstraraðili útgefanda og annast fjárfestingar útgefanda ásamt því að sjá um útgáfu skuldabréfa í flokki SEL1 27 12, skv. reglum sjóðsins. Samskiptaupplýsingar Stefnis hf. eru eftirfarandi: info@stefnir.is, símanúmer 444-7400 og LEI númer: 254900MECQ6FKISOVJ40.

4.5. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Stefnis hf. og Arion banka hf. vegna töku skuldabréfa SEL I hs. til viðskipta á First North markaði Nasdaq Iceland.

Arion banki hf. er eigandi Stefnis hf. Hlutfallslegt eignarhald skiptist milli Arion banka hf. 99,93% og Gen hf. 0,07%. Gen hf. er alfarið í eigu Arion banka hf.

Stefnir er rekstraraðili sjóðsins í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og ber að sinna þeim skyldum í tengslum við umsýslu sjóðsins sem þar er kveðið á um. Fyrir það greiðir útgefandi Stefni þóknun eins og hún er ákveðin í reglum útgefanda sem felst í umsýsluþóknun rekstraraðila og breytanlegri þóknun. Rekstraraðili skipar sjóðnum sjóðstjóra og staðgengil hans og eru þeir starfsmenn Stefnis. Arion banki er vörsluaðili og sér um bókhald og innheimtu fyrir sjóði í rekstri Stefni ásamt því sem útvistunarsamningur er milli Stefnis og Arion banka eins og lýst er í kafla 4.1.3 „Tengsl milli útgefanda og mótaðila” í verðbréfalýsingu útgefanda sem er gefin út þann 1. nóvember 2024

Í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta á First North markað Nasdaq Iceland hefur fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á First North Nasdaq Iceland. Fyrir það greiðir útgefandi Arion banka hf. þóknun.

Arion banki er viðskiptabanki útgefanda.

Arion banki er útgefandi skuldabréfaflokksins ARION 27 1217 sem er stærsta eign sjóðsins við útgáfu útgáfulýsingarinnar sem lýst er í kafla 4.2.1 „Almenn skuldabréf gefin út af Arion banka

hf.” í verðbréfalýsingu útgefanda dags. 1. nóvember 2024

Arion banki hf. mótaðili SEL I í afleiðusamningi sem lýst er í kafla 4.2.2 „Afleiðusamningur” í verðbréfalýsingu útgefanda sem er dagsett sama dag og útgefandalýsing þessi.

4.6. Endurskoðendur

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi (hér eftir „Deloitte“), hefur verið ráðið endurskoðandi SEL I frá stofnun þess, í samræmi við samning við rekstraraðila sjóðsins, til að annast könnun árs hlutareikninga og endurskoðun ársreikninga sjóðsins. Fyrir hönd Deloitte er Gunnar Þorvarðarson skipaður endurskoðandi. Hann er aðili að félagi löggildra endurskoðenda.

4.7. Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Stefnis hf., Borgartún 19, kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík sem gegnir hlutverki rekstraraðila, í samræmi við lög nr. 45/2020, útgefanda SEL I hs., kt. 660424-9970, Borgartúni 19, 105 Reykjavík eru ábyrgir fyrir efni lýsingar þessarar og lýsa því yfir fyrir hönd SELI hs., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í lýsingunni í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 1. nóvember 2024

Fyrir hönd Stefnis hf.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður

Jón Finnbogason, framkvæmdastjóri

4.8. Skilgreiningar

Í Útgefandalýsingunni vísa hugtökin:

„SEL1 27 12“, „skuldabréfin“ og „skuldabréfaflokkurinn“ til skuldabréfaflokksins SEL1 27 12 sem gefinn var út af SEL I hs., þann 10.05.2024,

„SEL I“, „útgefandinn“ og „sjóðurinn“ til SEL I hs., kt. 660424-9970, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi,

„Arion banki“ eða „bankinn“ til Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík,

„Fjármálaeftirlitið“ til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Íslandi,

„Fyrirtækjaráðgjöf“, til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105, 101 Reykjavík, Íslandi,

„First North markaður“ er markaðstorg fjármálagerna, samkvæmt skilgreiningu laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerna, fyrir skuldabréf sem rekið er af Nasdaq Iceland hf.

„Leiðbeiningar um stjórnarhætti“ eins og þeir eru gefnir út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 6. útgáfa 2021,

„lýsingin“ til lýsingar SEL I dagsettrar 1. nóvember 2024, sem samanstendur af útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu og samantekt,

„lýsingarreglugerð“ til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB

„lög um fjármálafyrirtæki“ til laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002,

„lög um hlutafélög“ til laga um hlutafélög nr. 2/1995 (með síðari breytingum),

„lög um lýsingar“ til laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020,

„lög um markaði fyrir fjármálagerna“ til laga um markaði fyrir fjármálagerna nr. 115/2021,

„lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða“ til laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020,

„lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna“ til laga um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna nr. 7/2020

„Nasdaq Iceland“ og „Kauphöllin“ til Kauphallar Íslands hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.“ til „Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi“ kt. 510119-0370, Laugavegi 182, 105 Reykjavík,

„OTC- valréttur“ til afleiðusamningings sem ekki er viðskipti með á viðskiptavettvangi eins og það er skilgreint skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

„reglur First North“ til First North Iceland Fixed Income Rulebook, dagsett 1. janúar 2024.

„Stefnir“ og „rekstraraðili“, til Stefnis hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105, 101 Reykjavík, Íslandi,

„útgefandalýsingin“ til útgefandalýsingar þessarar dagsettrar 1. nóvember 2024,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar útgefanda, dagsettrar 1. nóvember 2024,

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

4.9. Skammstafanir

e.	enska
gr.	grein
hf.	hlutafélag
hs.	hlutdeildarsjóður
kt.	Kennitala
LEI númer	Legal Entity Identifier
m.kr.	milljónir króna
ma.kr.	milljarða króna
skv.	samkvæmt
t.l.	töluliður
USD	bandaríkjadalur

Undirritunarsíða

F.h. Stefnis hf.
Sigrún Ragna Ólafsdóttir

F.h. Stefnis hf.
Jón Finnbogason